

Hvaleyrarbraut 3

Hafnarfjörður 14.01.2019.

Umsögn: Deiliskipulagsbreyting.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 14.11.2018 var lagt fram erindi Húsfélagsins að Hvaleyrarbraut 3, þar sem óskað var eftir því að breyta byggingarmörkum og að heimilað yrði að auka byggingarmagn lóðar um tæpa 500 m². Jafnframt er óskað eftir því að innrétta 6 íbúðir í húsinu með aðkomu frá Ásbúðartröð. Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu er einnig gert ráð fyrir að bílastæðum verði fjölgað á lóð um 16, og aðkoma að þeim verði frá Hvaleyrarbraut.

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa fól skipulagsfulltrúa að gera umsögn um erindið.

Nú er ný afstaðin samkeppni um skipulag Flensborgarhafnar. Ákveðið var að ráða til áframhaldandi vinnu þær tvær tillögur sem dómnefnd valdi til verðlauna.

Í þeirri vinnu mun felast úttekt á væntanlegri byggðarþróun svæðisins, þéttingu byggðar, breytingar á umferðar og gönguleiðum hafnar svæðisins og smábátahafnarinnar svo nokkur mikilvæg skipulagsleg atriði séu nefnd. Umferðarmál um m.a. Hvaleyrarbraut og Strandgötu eru þar afar mikilvægur þáttur.

Í því ljósi og með vísan til þess sem nefnt er hér að ofan, er ekki fallist á að heimila að svo stöddu deiliskipulagsbreytingu á einstaka lóðum án heildar yfirsýnar á skipulagsþróun svæðisins.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.



HAFNARFJÖRÐUR